

129/3 fundur.

Fimmtudaginn 18.júlí 2002 kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundur kl. 14:10.

Mætt voru: Sigurður R. Kristinsson, Rósa Daníelsdóttir, Sólveig Óladóttir, Siggeir Stefánsson og Björn Ingimarsson. Rafn boðaði forföll og Björn tekur sæti hans.

Oddviti setti fund og bauð menn velkomna, minnti á fundarsköp hreppsnefndar.

Dagskrá:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefndarfundur 14.06.02. Samþ. samhljóða.
- Hreppsnefndarfundur 20.06.02. Samþ. samhljóða.
- Landbúnaðarnefnd 01.07.02. Samþ. samhljóða.
- Umhverfisnefnd 04.07.02. Samþ. samhljóða.
- Ferðamálanefnd 09.07.02. Samþ. samhljóða.
- Umhverfisnefnd 10.07.02. 3. mál sveitarstjóra falið að vinna málið áfram. Fundargerðin samþ. samhljóða.
- Íþrótt- og tómstundaráð 11.07.02. Samþ. samhljóða.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Launanefnd sveitarfélaga 15.05.02. Kynning.
- Launanefnd sveitarfélaga 13.06.02. Kynning.
- Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra 22.05.02. Samþ. samhljóða.
- Heilbrigðisnefnd Norðurl.eystra 10.06.02 ásamt meðf. drögum að samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra. Fundargerðin samþ. samhljóða.
- Héraðsnefnd Þingeyinga 12.07.02. Tilnefningar Þórshafnarhrepps í nefndir Héraðsnefndar. Varamaður í Héraðsráð til eins árs, Björn Ingimarsson.
Varamaður í félagsmála og barnaverndarnefnd, Steinn Karlsson.
Aðalmaður í Skólalþjónustunefnd, Siggeir Stefánsson.
Varamaður í stjórn Byggðasafns N-Þing, Sveinbjörn Bjarnason.
Samgöngunefnd varamaður, Björn Ingimarsson.
Tilnefningar samþ. samhljóða. Fundarg. samþ. samhljóða.

3. Innsend erindi.

Til kynningar.

- Samb.ísl.sveitarfélaga. Námskeið fyrir nýkjörna sveitarstjórnarmenn.

Oddviti kynnti málið, könnun á áhuga á námskeiðum fyrir sveitarstjórnarmenn útfyllt, sveitarstjóra falið að senda þær.

- Félagsmálaráðuneytið - Umburðarbréf-

Breyting á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Vísað til Húsnæðisnefndar.

Til afgreiðslu:

- Kvörtun og krafa vegna hundahalds á Þórshöfn.

Bref dags. 3.júní 2002 frá Jóhanni H. Þórarinssyni.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: "Sveitarstjóra falið að hafa samband við viðkomandi

hunda eiganda og áminna hann varðandi þær reglur sem gilda um hundahald í sveitarfélaginu". Samþ. samhljóða.

· Vegagerð með Hafralónsá í Tunguselsheiði.

Oddviti óskaði eftir að erindinu yrði vísað til umsagnar í landbúnaðarnefnd. Samþ. samhljóða.

· Samningur um afhendingu Sigmarssafns til Sauðaneshúss.

Sveitarstjóra/oddvita falið að undirrita samninginn f.h. Þórshafnarhrepps, erindinu síðan vísað til fjárhagsáætlunar 2003. Samþ. samhljóða.

4. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Þórshafnarhrepps.

Hreppsnefndarfundir skulu vera haldnir í þriðju viku hvers mánaðar og hefjast á tímabilinu frá kl. 13:00 á fimmtudegi til kl. 17:00 á föstudegi. Samþ. samhljóða. Sveitarstjóra, oddvita og varaoddvita falið að fara yfir samþykktir sveitarfélagsins og erindisbréf nefnda sveitarfélagsins. Samþ. samhljóða.

5. Frá sveitarstjóra:

· Björn flutti skýrslu sína.

Dagskrá tæmd, fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:08

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.